

Neskaupstaður 12.03.92 *Alþingi*

Alþingi Íslendinga
Menntamálanefnd
B.t. Þorsteins Magnússonar
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. 5 115 / 699
komudagur 18 / 3 1992

Efni: Umsögn Nemendafélags Verkmenntaskóla Austurlands um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, mál 214.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands er andvíggt flestum þeim hugmyndum um breytingar á gildandi námslánakerfi, sem umrætt frumvarp til laga um LÍN, felur í sér.

Samkvæmt frumvarpinu er endurgreiðsluhlutfall rúmlega tvöfaldað og greiðslubyrðni þar með hækkuð langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Samhliða því er sá tími sem líða má frá námslokum þar til endurgreiðslur eiga að hefjast, stytur úr þrem árum í eitt. Þetta gerir það að verkum að ungu fólki er gert ókleyft að standa í fjárhagslegum skuldbindingum meðan á endurgreiðslu námslána stendur. Þetta er hvað greinilegast þegar greiðslubyrðin er skoðuð í samhengi við húsbrefakerfið.

Stjórn sjóðsins er ætluð mun meiri völd en hún hefur í dag. Augljós afleiðing þessa er aukin óvissa námsmanna um sín kjör og óstöðuleiki til lengri tíma litið. Sem dæmi væri stjórn sjóðsins heimilt skv. frumvarpinu að líta algjörlega framhjá öllu félagslegu tilliti við ákvörðun á framfærslu námsmanna og úthluta þannig öllum námsmönnum sömu lánsupphæð burtséð frá aðstæðum. Þá má benda á mikilvægi ferðastyrkja til að jafna aðstöðu miðað við búsetu.

Varðandi ákvæði um nema undir 20 ára aldri í sérnámi, teljum við rétt að heimilt verði að veita námslán þeim er stunda fullt nám í löggiltri iðngrein eða leggja stund á sérnám, þó þeir hafi ekki náð 20 ára aldri.

Einnig er athyglisvert að velta fyrir sér þeirri áherslu sem lagt er á að LÍN fái að veita almenn skuldabréfalán. Sú áhersla verður ekki skýrð með öðru en því að einhverjum hlutum kerfisins, eins og það er í dag, er ætlað að heyra undir slík lánakjör.

Alveg er horft framhjá gildi menntunar fyrir þjóðfélagið í þessu frumvarpi. Litið er á Lánasjóðinn sem hverja aðra peningastofnun og þess krafist að hún skili bókhaldslegum gróða. Þetta á að gera með vaxtatöku, lántökugjöldum og fleiru. Það er sjálfsagt að ríkið geri kröfu til arðsemi fjár. Hins vegar er fleira auður en peningar og hér er gengið framhjá þeirri staðreynd.

Virðingarfyllst,
f.h. Nemendafélags Verkmenntaskóla Austurlands

Hreinn Sigurðsson
Hreinn Sigurðsson
formaður NIVA